



Ársskýrsla
Fjölbrautaskólans í
Garðabæ 2016

Mars 2017

	<i>Efnisyfirlit</i>	
1	<i>Hlutverk Fjölbrotaskólans í Garðabæ</i>	3
	1i <i>Markmið Fjölbrotaskólans í Garðabæ</i>	3
2	<i>Skólasamningur</i>	4
	2.i <i>Viðauki 1. Markmið skólans á næstu árum</i>	4
3	<i>Starfsemi skólaárið 2016</i>	6
	3.i <i>Vorönn 2016</i>	6
	3.ii <i>Haustönn 2016</i>	6
4	<i>Foreldraráð og samskipti við forráðamenn</i>	8
5	<i>Sjálfsmat</i>	8
6	<i>Námsframboð</i>	9
7	<i>Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna</i>	11
	7.i <i>Stærð húsnæðis</i>	11
	7.ii <i>Fjöldi nemenda</i>	11
	7.iii <i>Brotthvarf nemenda á undanförnum önnum</i>	12
	7.iv <i>Skipting nemenda á námsbrautir og eftir kynjum á vorönn 2016 og haustönn 2016</i>	13
	7.v <i>Aldursskipting nemenda á vorönn 2016 og haustönn 2016</i>	13
	7.vi <i>Dreifing nemenda á bæjarfélög árið 2016</i>	14
	7.vii <i>Meðalstærð námshópa</i>	14
8	<i>Starfsfólk</i>	15
	8.i <i>Skólanefnd FG</i>	
	8.ii <i>Fjöldi kennara og annars starfsfólks</i>	15
	8.iii <i>Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum</i>	15
	8.iv <i>Hverjir teljast til yfirstjórnar skólans</i>	15
	8.v <i>Hverjir teljast til stjórnenda skólans</i>	15
	8.vi <i>Kynjaskipting starfsfólks</i>	15
	8.vii <i>Aldur í árum hjá kennurum og stjórnendum</i>	16
	8.viii <i>Menntun kennara og stjórnenda</i>	16
	8.ix <i>Kennsluhættir í FG</i>	16
9	<i>Fjármál skólans</i>	17
	<i>Viðauki prófíll skólans</i>	19

1 Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ er að bjóða nemendum upp á góða menntun og efla alhliða þroska nemenda skólans svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, í starfi, frekara námi og leik.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ mun leitast við að:

- Bjóða upp á fjölbreytt og gott nám, bæði bóklegt og verklegt.
- Hvetja nemendur til stöðugrar þekkingarleitar og þjálfá þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum.
- Auka vísýni nemenda, efla frumkvæði þeirra og þjálfá þá í gagnrýninni hugsun.
- Efla ábyrgðarkennd nemenda, sjálfstraust þeirra, háttvísi og umburðarlyndi.
- Þjálfá nemendur í að njóta menningarlegra verðmæta.
- Stuðla að því að nemendur temji sér heilbrigðan lífsstíl

1i Markmið Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Meginmarkmið skólans er að námið stuðli að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi.

Að vera eftirsóttur vinnustaður fyrir nemendur og starfsfólk.

Til að skólinn uppfylli hlutverk sín og nái markmiði sínu eru eftirfarandi stefnur og reglur í gildi. Þessar stefnur og reglur eru endurskoðaðar reglulega:

Stefnur:

- [Endurmenntunaráætlun FG](#)
- [Heilsustefna](#)
- [Jafnréttisáætlun FG](#)
- [Starfsmannastefna FG](#)
- [Stefna skólans í forvörnum](#)
- [Stefna og viðbragðsáætlun í eineltismálum](#)
- [Umhverfisstefna FG](#)

Reglur

- [Prófreglur](#)
- [Reglur um skóladansleiki](#)
- [Reglur um Dimission](#)
- [Reglur um veikindi og veikindatilkynningar](#)
- [Reglur um skráningu nemenda](#)
- [Reglur um nemendaferðir](#)
- [Reglur um notkun tölvubúnaðar skólans](#)
- [Reglur skólans varðandi fíkniefni](#)
- [Reglur um launalaus leyfi starfsmanna](#)
- [Skólasóknarreglur](#)
- [Umgengnisreglur](#)
- [Verklagsr. um tilkynningarsk. til barnaverndarnefnda](#)
- [Viðbrögð við samskiptavanda](#)

2 Skólasamningur

Gildistími skólasamnings sem undirritaður var 26. febrúar 2013 var frá 1. jan. 2013 til 31. desember 2015. Samninginn má sjá á [heimasíðu skólans](#) sem og á heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Viðauki við þann skólasamning var undirritaður þann 29. nóvember 2016 með breytingum um gildistíma en hann framlengist til 31.12.2017. Auk þess kemur vísun til laga um opinber fjármál nr. 123/2015 inn í 2. grein viðaukans.

Þann 29. nóvember 2016 var haldinn framhaldsskólafundur með FG í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Fyrir hönd skólans mættu Elísabet Siemsen skólameistari, Snjólaug Elín Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og Sigrún Jósefsdóttir fjármálastjóri. Fyrir hönd ráðuneytis sátu Ólafur Sigurðsson tengiliður skólans, Ólafur Grétar Kristjánsson og Ásta María Reynisdóttir fundinn. Auk þess komu Sigurlaug Ýr Gísladóttir og Gunnar Árnason inn á fundinn.

Í viðauka við upphaflega samninginn er fjallað um markmið skólans á samningtímanum. Hér er birt yfirlit yfir hvernig gengið hefur að ná þeim markmiðum fram: Rauði textinn er frá ársskýrslunni 2013. Græni textinn eru athugasemdir vegna ársins 2014. Fjólublái textinn er vegna ársins 2015. Blái textinn er staðan í dag.

2.i Viðauki 1. Markmið skólans á næstu árum

1. Lokið verði við að færa allar brautir inn í námskrárgrunn ráðuneytisins.
 - a. 6 stúdentsbrautir og viðeigandi áfangalýsingar verða settar í grunninn á vorönn 2013. **Þetta hefur ekki verið framkvæmt nema að hluta. Samkvæmt tilmælum frá mnrn á ekki að setja meira inn í grunninn meðan óvissa er um lengd stúdentsprófsins. Ekki er enn búið að setja inn brautir þar sem grunnurinn var ekki tilbúinn. Skólinn er tilbúinn með 3ja ára brautir í samræmi við áherslur mnrn um styttingu náms. Gert er ráð fyrir að þær verði settar inn í grunninn í marsmánuði 2015. Allar stúdentsbrautir eru komnar inn í grunninn og Menntamálastofnun hefur afgreitt þær frá sér. Skólinn bíður afgreiðslu ráðuneytisins. Allar stúdentsprófsbrautir hafa verið samþykktar.**
 - b. Samdar verði styttri útgáfur allra brauta fyrir lok skólaárs 2014. **Er í fullri vinnslu og verða brautirnar tilbúnar fyrir innritun vorið 2014. Brautirnar eru tilbúnar en ekki komnar inn í grunninn. Byrjað er að sitja styttri brautir inn í grunninn og stefnt að því fá afgreiðslu Menntamálastofnunar á þeim á vorönn 2016. Útilokað er að spá um afgreiðslutíma ráðuneytisins. Verið er að setja brautirnar inn í grunninn og gert er ráð fyrir að þær verði samþykktar fyrir 31. mars 2017.**
 - c. Opin braut og tónlistarbraut verði kláraðar á haustönn 2013. **Tónlistarbrautin er tilbúin. Opin braut er enn til umræðu og verður ekki tilbúin á vorönn 2014. Opna brautin er ekki tilbúin og ekki víst hvað verður um hana. Þó stendur enn vilji til að þróa slíka braut í framhaldi þess að stytting framhaldsskólans kemur til framkvæmda. Tónlistarbrautin fékk ekki samþykki og er hún nú í endurskoðun í samvinnu við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, Tónlistarskóla Garðabæjar og Flensborgarskólans. Stefnt er að því að fullvinna þá braut á árinu 2016. Búið er að stofna nýjan framhaldsskóla, Menntaskóla í tónlist. Umræða um þá hugmynd hefur hægt á okkar hugmyndavinnu. Við munum skoða námskrá þess skóla út frá okkar hugmyndum en við teljum okkur geta boðið nemendum í tónlistarnámi kennslu í bóklegum greinum til jafns við aðra skóla. Samvinna okkar og Flensborgarskóla við tónlistarskóla bæjarfélaganna hefur verið mjög gagnleg.**

2. Almennur hluti skólanámskrár verður endurskoðaður á vorönn 2013 í samræmi við aðalnámskrá
 - a. Almenni hlutinn verður birtur á vef skólans á haustönn 2013. Þessari endurskoðun er ekki lokið en er í vinnslu og mun ljúka á vorönn 2014. Almenni hlutinn er tilbúinn og verður birtur ásamt nýjum brautum á vorönn 2015. Sjá má almenna hlutann [hér](#).
3. Rekstur skólans verði í samræmi við fjárlög á samningstímanum. Rekstur skólans er viðunandi og er staða í lok 2013 700.000 kr. í mínus. Rekstur skólans gekk vel á árinu 2014 og skilar skólinn afgangi. Bakslag var í rekstrinum árið 2015. Í lok ársins er staðan neikvæð um 5 milljónir. Sjá nánar í kafla um fjárhagsstöðu skólans. Niðurstaða ársins 2016 var sú að rekstrarafgangur var upp á rúmar 5 milljónir. Sjá nánar í kaflanum um fjármál skólans.
4. Hafið verði samstarf við Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar á vorönn 2013 í því skyni að golfiðkendur verði þátttakendur í afrekssviði FG. Samstarfið er hafið og hafa þegar verið fjórir fundir með GKG og skólanum.
 - a. Golfiðkendur verði þátttakendur frá haustönn 2013. Það markmið náðist ekki en stefnt er því að það hefjist á haustönn 2014. Ekki hefur verið áhugi fyrir hendi hjá GKG að koma á afrekssviði með FG að svo stöddu. Samstarfið hefur haldið áfram og stefnt að því að bjóða eitt námskeið í samvinnu við GKG á haustönn 2016. Á árinu 2016 var í sparnaðarskyni ekki haldið áfram samstarfi við Vídalínskirkju við rekstur kórs og ákveðið að samstarf við Golfklúbb GKG myndi frestast um einhvern tíma.
5. Haldið verði málþing á vorönn 2013 með þátttöku nemenda, foreldra og starfsmanna FG.
 - a. Sérstök áhersla verði á þá stefnu og þau gildi sem skólinn vill hafa í hávegum. Þingið var haldið í febrúar 2013.
6. Gerð verði þarfagreining á fræðslu í FG á vorönn 2013 og fræðslu- og endurmenntunaráætlun FG verði endurskoðuð á skólaárinu 2013-2014. Þetta er í vinnslu. Könnun var lögð fyrir alla kennara á árinu 2016 um endurmenntun. Niðurstöður sýndu að kennarar almennt sinna mjög vel endurmenntunarskyldu sinni.
7. Starfsmenn fari í skólaheimsókn til Bandaríkjanna á haustönn 2013. Farið var til Morgantown í Vestur-Virginíu og heimsóttir skólar og hlýtt á fyrirlestra.
8. Gert verði átak til að bæta tölvukost skólans á samningstímanum.
 - a. Tölvur verði teknar á rekstrarleigu fyrir bókasafn og tölvustofu frá skólaárinu 2013-2014. Var gert. Bætt hefur verið við tölvum eftir þörfum.
 - b. Þráðlausum rýmum verði fjölgað og fjöldi þeirra viðunandi vorið 2014. Var gert. Enn hefur verið fjölgað þráðlausum rýmum og gerður samningur við fyrirtækið Merkjafélagið, í desember 2014, um að yfirfara og sinna þráðlausa kerfinu.
 - c. Verkefnastofum verði fjölgað á næstu tveimur árum. Verið að meta þörf. Ekki hefur verið fjölgað stofum. Þetta er þó í stöðugri skoðun. Bætt var við einni verkefnastofu á haustönn 2015. Bætt verði við einni verkefnastofu á árinu 2017.
9. Tekið verði upp skráningakerfi ráðuneytisins varðandi brottfall nemenda á vorönn 2013. Var gert.

3 Starfsemi skólaárið 2016

3.i Vorönn 2016

Vorönnin hófst með kennarafundi 5. janúar og kennsla hófst miðvikudaginn 6. janúar. Nemendur á önninni voru margir eða um 880. Greiningu á nemendafjölda má sjá á töflu í kafla 7.ii. Kennt var í dagskóla, síðdegisnámi á leikskólabraut og fjarnámi.

Skólaráðsfundir eru haldnir hálfsmánaðarlega, svo á einnig við um deildafundi og kennslustjórafundi. Kennarafundir voru samtals sjö á önninni, auk þess voru sérstakir fundir fyrir umsjónarkennara.

Opinn fundur með nemendum skólans var að venju í febrúar og má sjá [fundargerð](#) á heimasíðu skólans.

Eins og undanfarin ár var alþjóðasamstarf talsvert. Sem fyrr fór hópur nýnema til Hollands og heimsótti skóla þar. FG hefur verið í samstarfi við menntaskóla í Amsterdam, hópur hefur farið frá skólanum okkar að vori og nemendur hafa komið frá Hollandi á haustönninni. Nemendur hafa byrjað samskipti töluvert fyrir í gegnum Facebook, í báðum löndum er boðið upp á metnaðarfulla dagskrá og nemendur gista á heimilum. Þessar ferðir hafa verið mjög ánægjulegar. Á önninni fór stór hópur nemenda ásamt tveim kennurum til Berlínar en ferðin er hluti þýskuáfanga. Enskunemar fóru síðan í sambærilega ferð til Dublin. Skólinn hefur undanfarin ár boðið upp á slíka áfanga í þeim tungumálum sem kennd eru við skólann. Til að geta tekið þessa áfanga þurfa nemendur að hafa lokið tilskyldum fjölda eininga í faginu. Einn til tveir slíkir áfangar eru í boði hverju sinni og þarf lágmarksfjölda nemenda til að áfanginn fáist kenndur. Þessir áfangar hafa verið ótrúleg lyftistöng fyrir öll tungumál.

Imbruvika var í skólanum sem endranær, en þá er brotin upp hefðbundin kennsla, og var þemað Hollywood. Hápunktur Imbruviku er svo frumsýning söngleiks og árshátíð nemenda. Að þessu sinni var söngleikurinn South Park sýndur, en allir áhugamenn um teiknimyndir fengu að sjá hetjurnar sínar lifna við á sviðinu.

Skólasókn er alltaf til skoðunar en eins og fram kom í ársskýrslu 2015 var farið í ákveðið átak til að bæta hana. Átakið bar talsverðan árangur, á haustönn 2015 hafði hún batnað töluvert og hafði ný nálgun haft þar sitt að segja. Beint samhengi er á milli námsárangurs og skólasóknar, um það er ekki deilt. Skólinn hefur lagt sig fram við að bjóða nemendum sem standa námslega höllum fæti skólavist ekki síður en þeim sem standa vel að vígi og teljum við það utanumhald sem við veitum nemendum varðandi skólasókn vera einn lið í baráttunni gegn brotthvarfi.

Brautskráning fór fram 28. maí og brautskráðust 83 nemendur. 69 útskrifuðust með stúdentspróf, 13 af félagsfræðabraut, 20 af listnámsbrautum, 8 af viðskipta- og hagfræðibraut, 14 af náttúrufræðibraut, 6 af alþjóðabraut, 3 af hönnunar- og markaðsbraut og 5 af íþróttabraut. Einnig útskrifuðum við 5 nemendur af námsbraut fyrir leikskólaliða, tvo nemendur með lokapróf fyrir stuðningsfulltrúa, fjóra nemendur af starfsbraut og einn nemanda með lokapróf af listnámsbraut. Við þetta tækifæri kvöddum við 2 skiptinema sem höfðu stundað nám við skólann allan veturinn.


3.ii Haustönn 2016

Þær breytingar urðu í stjórnun skólans að Kristinn Þorsteinsson skólameistari fékk námsleyfi skólaárið 2016 – 2017. Settur skólameistari er því Elísabet Siemsen. Snjólaug Bjarnadóttir, áfangastjóri settist í stól aðstoðarskólameistara og Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir tók að sér starf áfangastjóra. Í fyrsta sinn í sögu skólans er honum stýrt af konu, og þá ekki aðeins staða skólameistara heldur og er um að ræða kvennastjórn. Sá fjórði sem situr í yfirstjórn skólans, verkefnastjóri í 50% starfi, er eini karlmaðurinn.

Aðsókn að skólanum var góð og þurfti að neita umtalsverðum fjölda nemenda um skólavist. Á haustönn 2016 innrituðum við 196 nýnema í dagskóla. Sem fyrr hélt skólinn í þá stefnu að tryggja þeim nemendum úr Garðabæ, sem sækja um skólvist í FG, pláss í skólanum. Sú stefna er ekki óumdeild og þýðir að meðalnámsgeta nýnema er minni en ef við tækjum eingöngu inn eftir einkunnum. Stefna skólans hefur verið og er að menntun allra nemenda sé jafnmikilvæg. Ennfremur hefur skólinn lagt áherslu á að sinna sínu nærumhverfi.

Ef vel ætti að vera vantar skólann fleiri nemendaígildi. Auk mikillar aðsóknar að dagskólanum erum við með fjarnám og leikskólabraut. Það er og hefur verið stefna skólans að vera með fjölbreytt námsframboð og tryggja þannig að sem flestir finni nám við hæfi. Upptökusvæði skólans eru stækkandi sveitarfélög, því auk Garðabæjar sækja nemendur frá Kópavogi og Hafnarfirði um skólavist. Má það m.a. rekja til náms á listnámsbrautum og íþróttabraut sem ekki er í boði í þeim sveitarfélögum. Undanfarin ár höfum við skilað af okkur fleiri nemendaígildum en við fáum greitt fyrir. Á fundi í mennta-og menningarmálaráðuneytinu um skólann kom fram að FG mun þurfa að fækka nemendaígildum um alls 120 til ársins 2020 og skýrist það fyrst og fremst af styttingu náms til stúdentsprófs. Á fundinum gerði skólameistari athugasemd við svo mikla fækkun í ljósi þess hve skólinn hefur fengið margar umsóknir undanfarin ár og alltaf getað fyllt þau nemendaígildi sem hann hefur fengið úthlutað. Skólanefnd skólans sendi einnig erindi til ráðuneytisins þar sem óskað er eftir endurskoðun á þessari áætlun. Er óskandi að skólinn fái tækifæri til að bjóða áfram fjölbreytt nám fyrir nemendur sem þess óska.

Þó aðsókn sé góð er hún ekki jafngóð á öllum brautum. Leiklistarhluti listnámsbrautar hefur slegið í gegn og er þar mikil aðsókn. Aðsókn að textílbraut heldur áfram að vera of lítil og veldur það nokkrum áhyggjum. Íþróttabrautin hefur sótt í sig veðrið, nær tvöfaldast í fjölda nemenda frá árinu 2006. Nánar má sjá þróun brauta á myndinni hér fyrir neðan þegar eingöngu er horft á dagskólanemendur.



Á haustönn 2016 voru rúmlega 730 nemendur í dagskóla, sem er enn fullmikið sé miðað við þá fækkun sem við þurfum að hafa í huga. Heildarfjöldi nemenda á haustönn 2016 var 899 nemendur.

Eins og áður kom fram fór stór hópur nemenda til Amsterdam og höfum við nú í sex ár verið í samstarfi við menntaskóla í Amsterdam, [Amsterdam Lyceum](#), og eru öll líkindi á að því verði fram haldið.

Brautskráning fór fram 20. desember og brautskráðust samtals 64 nemendur. Af þeim eru 48 að útskrifast með stúdentspróf, 17 af náttúrufræðibraut, 7 af félagsfræðabraut, 8 af viðskipta- og hagfræðibraut, 3 af listnámsbrautum, 7 af alþjóðabraut, 5 af íþróttabraut, 1 af hönnunar- og markaðsbraut, einnig útskrifuðum við 1 nemanda með stúdentspróf að loknu iðnnámi. Allstór hópur lauk prófi af námsbraut fyrir leikskólaliða, eða 14 samtals. Og einn nemandi lauk lokaprófi af framhaldsskólabraut.

4 Foreldraráð og samskipti við forráðamenn

Við skólann starfar foreldraráð og setur einn fulltrúi þess skólanefndarfundi. [Foreldraráðið](#) hefur síðu á heimasíðu skólans og heldur úti [Facebook síðu](#). Stjórnendur skólans funda með Foreldraráðinu og eins hefur ráðið kallað til sín fulltrúa nemenda og annarra starfsmanna.

Foreldraráðið hefur á köflum verið ákaflega virkt og staðið fyrir fyrirlestrum, fundum og könnunum. Þátttökuleysi foreldra hefur helst staðið starfseminni fyrir þrifum. Það er ljóst að það er mikið verk fyrir höndum að sannfæra foreldra um að þeir eigi fullt erindi inn í framhaldsskólana. Samskipti við forráðamenn fara fram á þrjú vegu. Í fyrsta lagi með fundum með foreldrum eins og fundi með foreldrum nýnema og fræðslufundum í samstarfi við foreldraráðið. Í öðru lagi með netpósti en skólinn sendir af og til netpóst til forráðamanna með upplýsingum. Í þriðja lagi gefur skólinn út FG-fréttir sem birtast á heimasíðu skólans. Þegar [FG-fréttirnar](#) koma út er forráðamönnum og aðstandendum send tilkynning og slóð á fréttirnar. Á árinu 2016 komu FG-fréttir út fjórum sinnum.

5 Sjálfsmat

Sjálfsmat er snar þáttur í starfsemi FG. Á hverju ári er gerð [sjálfsmatsáætlun](#) og [skýrsla](#) um sjálfsmat er birt á heimasíðu skólans á hverju ári. Þar er gerð ítarleg grein fyrir sjálfsmati í FG. Gæðaráð hefur yfirumsjón með sjálfsmati skólans. Gæðaráðið fundar á s.k. samráðsfundum einu sinni í viku, þá er farið yfir helstu þætti skólastarfsins þá vikuna og helstu áherslur skólastarfsins mótaðar. Verksvið hópsins er m.a. að skipuleggja verkefni, ákveða úttektir og afla gagna ef þurfa þykir. Í ráðinu sitja skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri, 2 kennslustjórar og 2 námsráðgjafar. Það er mat okkar að þessi skipan gæðaráðs tryggi það að raddir flestra, bæði starfsmanna og nemenda, komi að stefnumótun og ákvörðun og framkvæmd sjálfsmats hverju sinni. Skólaárið 2015-2016 var sem fyrr lögð áhersla á að viðhalda þeim matsþáttum sem eru þungamiðjan í innra mati skólans, eins og t.d. kennslukannanir, skoðun námsárangurs, líðan starfsmanna, mat á forvörnum, próf og prófagerð, kennsluáætlanir o.fl. Úttekt á einni námsgrein/námsbraut var framkvæmd í fjórða sinn. Óneitanlega litaði námskrárvinnan allt innra starf skólans, þar með talið sjálfsmatið, en það getur verið skynsamlegt að breyta um áherslur, gefa ákveðnum verkefnum hlé og geta þá skoðað þá næst í ákveðinni fjarlægð. Mikilvægt er að allt gæðastarf og innra mat sé í stöðugri þróun, sífellt séu skoðaðar nýjar hliðar sem

við nána skoðun geta varpað ljósi á stöðu mála og komið nýjungum til leiðar sem bæta skólstarfið. Þær rannsóknaraðferðir sem notaðar eru hverju sinni ráðast af verkefnum og byggjast þær á mörgum mismunandi viðurkenndum sjálfsmatsaðferðum sem margar hverjar hafa verið aðlagðar að þeim markmiðum sem eru hverju sinni. Aðferðirnar eru í stöðugri mótun og miða að því að styrkja starfsmenn skólans til þess að verða betur færir um að framkvæma sjálfsmat. Megináhersla er á að starfsmennirnir fái tækifæri til þess að móta aðferðir við matið sem gefi góða mynd af því sem gert er um leið og það nýtist þeim við að bæta starfið jafnt og þétt. Slík aðferð kallast valdeflingarleið (empowerment evaluation). Hefð er fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum við ákvarðanatöku í skólstarfinu og áhersla er lögð á að starfsmenn séu virkir þátttakendur í mótun stofnunarinnar og þá um leið í matinu (deiliberate democratic evaluation). Spurningalistinn sem lagður er fyrir nemendur í viðhorfskönnun á hverri önn hefur þróast yfir langan tíma, mjög margir hafa komið að gerð spurninganna og leitað hefur verið til fagaðila um hönnun slíkra spurningalista. Allt ferlið er í anda leiðsagnarmats (formative evaluation) þar sem matsferlið og niðurstöður eru nýttar til þess að bæta starfið jafnt og þétt. Spurningar eru bæði lokaðar og opnar þar sem nemendur geta sagt skoðun sína með eigin orðum á fyrirkomulagi áfanga, kennsluaðferðum sem beitt er og öðrum þáttum sem þeir telja mikilvæga. Athugasemdir nemenda eru síðan ræddar við kennarann sérstaklega þegar skólameistari eða aðstoðarskólameistari fundar með honum á vorönn. Stjórnendur skólans hafa ekki orðið varir við að kennurum sé á einhvern hátt illa við kennslukannanirnar eða finnist þær óþægilegar. Þvert á móti hafa kennarar ætíð séð sóknarfærið í þessum könnunum og meta þau samtöl sem þeir eiga við skólameistara eða aðstoðarskólameistara um niðurstöður.

Úttektir á einni námsgrein sem nú hafa verið gerðar fimm sinnum veita kennurum m.a. tækifæri til að skoða eigin frammistöðu í starfi, meta styrkleika sína og veikleika og íhuga hvort og þá hvaða breytingar þeir telja eða vilja gera. Slík skoðun á eigin starfi er mikilvæg og hafa kennarar tekið þessu tækifæri fegins hendi.

6 Námsframboð

Miklar breytingar hafa orðið á framboði náms. Nú eru allar stúdentsbrautir orðnar þriggja ára brautir og var í fyrsta skipti boðið upp á slíkar brautir á haustönn 2015. Brautirnar voru tilbúnar af hálfu skólans á vorönn 2015 og Menntamálastofnun sendi þær til ráðuneytisins í lok sömu annar. Samþykki ráðuneytisins var veitt nú í byrjun árs 2017. Verið er að leggja lokahönd á styttri brautir og verða þær sendar til Menntamálastofnunar nú í marsmánuði.

Þriggja ára brautir (stúdentsprófsbrautir) í FG eru 202 einingar og var boðið upp á eftirfarandi brautir á árinu 2016:

Námsbrautir

- Alþjóðabraut (stúdentsbraut)
 - alþjóðasamskiptasvið
 - menningarsvið
 - viðskiptasvið
- Félagsvísindabraut (stúdentsbraut)
- Hönnunar- og markaðsbraut (stúdentsbraut)

- Íþróttabraut (stúdentsbraut)
- Listnámsbraut (stúdentsbraut)
 - fata- og textílhönnunarsvið
 - leiklistarsvið
 - myndlistarsvið
 - tónlistarsvið (í vinnslu)
- Náttúrufræðibraut (stúdentsbraut)
 - heilbrigðissvið
 - tæknisvið
- Viðskiptabraut (stúdentsbraut)
 - hagfræðisvið
 - viðskiptasvið
- **Stytttri brautir**
 - Framhaldsskólabraut
 - Menntabraut (verið er að leggja lokahönd á þessa braut)
- **Starfsbraut fyrir fatlaða nemendur (4 ár)**

7 Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna

7.i Stærð húsnæðis

- 5.685 fermetrar

7.ii Fjöldi nemenda

Önn	Dagskóli	Fjarnám	Leikskólabraut	Samtals
2009-2	706	170	46	922
2010-1	662	137	38	837
2010-2	711	140	39	890
2011-1	716	165	36	881
2011-2	734	127	27	888
2012-1	691	115	20	806
2012-2	745	161	26	932
2013-1	665	116	21	802
2013-2	728	193	30	951
2014-1	678	160	28	866
2014-2	766	171	58	995
2015-1	672	163	42	877
2015-2	733	140	50	923
2016-1	724	109	47	880
2016-2	736	140	41	917

7.iii Brotthvarf nemenda á undanförunum önum

Önn	Hættir*
2007-2	14
2008-1	19
2008-2	10
2009-1	10
2009-2	10
2010-1	10
2010-2	16
2011-1	20
2011-2	10
2012-1	13
2012-2	14
2013-1	26
2013-2	18
2014-1	11
2014-2	18
2015-1	19
2015-2	11
2016-1	17
2016-2	10

* Byggt á skráningu skólaráðs og tilkynningum til MRN

7.iv Skipting nemenda í dagskóla á námsbrautir og eftir kynjum á vorönn 2016 og haustönn 2016

Vorönn 2016

Braut	KK	KVK	Samtals
AN	11	13	24
FÉ	36	61	97
HM	12	15	27
Íþ	34	44	78
LN	80	104	184
ALA	12	55	67
NÁ	75	56	131
ST2	7	6	13
VH	86	42	100
Skiptin.	1	2	3
Samtals	317	407	724

Haustönn 2016

Braut	KK	KVK	Samtals
AN	14	14	28
FÉ	32	71	103
HM	22	30	52
Íþ	46	16	62
LN	46	81	127
ALA	25	66	91
NÁ	79	58	137
ST2	8	7	15
VH	78	40	118
Skiptin.	1	2	3
Samtals	351	385	736

7.v Aldursskipting nemenda á vorönn 2016 og haustönn 2016

Aldur	2016-1	%
Yngri en 18	402	55,5
Eldri en 18	322	44,5

Aldur	2016-	%
Yngri en 18	427	58
Eldri en 18	309	42

7.vi Dreifing nemenda á bæjarfélög

Allir nemendur

	Vor 2016		Haust 2016	
Suðurnes	25	2,9%	34	3,7%
Landsbyggðin	59	6,7%	33	3,6%
Reykjavík	96	10,9%	69	7,5%
Hafnarfjörður	155	17,5%	161	17,6%
Kópavogur	170	19,3%	173	19%
Garðabær	369	42%	398	43,4%
Án pósthúma	6	0,7%	49	5,2%
	880	100%	917	100%

7.vii Meðalstærð námshópa

	V-2013	H-2013	V-2014	H-2014	V-2015	H-2015	V-2016	H-2016
Fjarnámshópar meðaltal	3,7	5,7	5,5	5,7	6	6	7,7	7,1
Fornámshópar meðaltal	12	14,3	13,6	13	13	12,7	11,7	13,8
Bóknámshópar meðaltal	23,2	24,5	24,5	25,2	23,2	23,7	23	23,8
Verklegir áfangar/listn meðaltal	12,3	12,2	13,1	12,15	11	12,1	15,9	17,4
Leikskólabraut meðaltal					18,8	22,3	20,6	21
Leiklist					18,25	15,3	14,5	20,1

8 Starfsfólk

8.i Skólanefnd

- Steinþór Einarsson, formaður.
- Áslaug Hulda Jónsdóttir, varaform.
- Sigrún Gísladóttir.
- Þorkell Máni Pétursson.
- Þórunn Sveinbjarnardóttir.
- Aðalbjörg Helgadóttir, fulltr. starfsmanna frá 1. sept. 2016
- Páll Marís Pálsson, fulltr.nem.frá 1. sept.2015
- Guðbjörn Björnsson , fulltr. nem. frá 1. sept. 2016

8.ii Fjöldi kennara og annars starfsfólks

- Yfirstjórnendur 4
- Kennarar 58
- Aðrir starfsmenn 15

8.iii Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum

- Stjórnendur 3,5
- Kennarar 47,7
- Aðrir starfsmenn 15

8.iv Hverjir teljast til yfirstjórnar skólans

- Skólameistari – Kristinn Þorsteinsson / Elísabet Siemsen frá 1.ág.2016
- Aðstoðarskólameistari – Elísabet Siemsen /Snjólaug Elín Bjarnadóttir frá 1.ág.2016
- Áfangastjóri – Snjólaug Elín Bjarnadóttir / Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir frá 1.ág.2016
- Verkefnastjóri – Guðmundur Stefán Gíslason (50%)

8.v Hverjir teljast til stjórnenda skólans

- Fjármálastjóri – Sigrún Jósefsdóttir
- Skrifstofustjóri – Hulda Friðjónsdóttir
- Húsvörður – Sigurður Pálsson
- Kennslustjórar

8.vi Kynjaskipting starfsfólks

- Konur 54 70,1%
- Karlar 23 29,9%

8.vii Aldur í árum hjá kennurum og stjórnendum

Aldur í árum hjá kennurum og stjórnendum	Karlar	Konur	Samanl.	%
	20 - 29	1		1
30 - 39	6	9	15	24
40 - 49	2	10	12	19,4
50 - 59	8	13	21	34
60 - 69	5	8	13	21
Samanlagt	22	39	62	100

8.viii Menntun kennara og stjórnenda

Menntun kennara og stjórnenda	Karlar	Konur	Samanl.	%
Doktor		1	1	1,6
MA/MS/PhD+UK	8	21	29	46,8
BA/BS+UK	13	11	25	40,3
Fagkennari+UK	1	6	7	11,3
Samanlagt	22	39	62	100

8.ix Kennsluhættir í FG

Kennsluhættir í FG eru fjölbreyttir eins og gefur að skilja í stórum skóla. Á undanförunum árum hefur það verið markviss stefna að auka verkefnavinnu nemenda og að auka samvinnu þeirra. Til að koma til móts við aukna verkefnavinnu nemenda höfum við komið upp svokölluðum verkefnastofum. Verkefnastofa er stofa með 15 til 21 tölva (fartölvum), borðum er þannig raðað upp að tvær til þrjár tölva eru á hverju borði fyrir fjóra til fimm nemendur. Flestir bóknámskennarar nota verkefnastofurnar þannig að 50% tímans eru kennarar í verkefnastofu með hóp sinn og 50% í annarri stofu. Þetta styður aukna verkefnavinnu og samvinnu. Þessar stofur eru nú fjórar og var einni bætt

við haustið 2015. Stefnt er að því að bæta einni verkefnastofu við haustið 2017. Þetta er ódýr leið til að auka vægi upplýsingatækni í skólanum. Helstu vandkvæði tengjast þráðlausu svæðum. Það hefur reynt erfiðleikum bundið að halda því stöðugu. Þó hefur verið gert stóráttak í að fjölga þráðlausum svæðum í skólanum.

Haustið 2013 byrjuðum við með svokallaðar smiðjur. Smiðja virkar þannig að 10 mínútur eru teknar af öllum kennslutímum. Þær mínútur sem standa útaf er komið fyrir í smiðjum, þar eru kennarar í fjórtíu mínútur með tíma með færri nemendum. Markmiðið með slíku fyrirkomulagi er að koma til móts við einstaka nemendur, auka einstaklingmiðað nám, koma til móts við nemendur sem misst hafa úr eða eiga í erfiðleikum í námi. Eftir að hafa reynt þessar smiðjur í tvö ár var kerfið rætt í þaula á kennarafundi í lok vorunnar 2015. Það var almenn niðurstaða að of stór hluti nemenda mætti ekki í smiðju. Samþykkt var að færa smiðjurnar og hafa þær í lok frímínútna klukkan 10:10. Þetta hefur leitt til þess að smiðjur eru mun betur nýttar en áður var.

Á undanförunum árum höfum við unnið markvisst að ritun og heimildavinnu. APA kerfið hefur verið tekið upp í flestum áföngum og nemendur þjálfaðir í vandaðri heimildavinnu. Ýmislegt annað hafa kennarar skólans gert tilraunir með eins og vendikennslu í stærðfræði, notkun á facebook í kennslu og margt annað. Það er óhætt að segja að kennsluaðferðir og námsmat er fjölbreytilegt í skólanum.

9 Fjármál skólans

Árið 2015 skilaði halla upp á 4,6 milljónir og tókst á árinu 2016 að vinna það tap upp og gott betur. Lokaniðurstaða ársins 2016 er rúmar 5 milljónir í tekjuafgang. Ef skoðuð er rekstraráætlun sem skólinn skilaði inn þá var niðurstaðan sú að sértekjurnar urðu nokkuð hærrí en reiknað hafði verið með og launakostnaður ívið hærrí. Eignakaupin voru hins vegar töluvert lægri en upphaflega var gert ráð fyrir. Skólinn má væntanlega vel við una varðandi niðurstöðuna. Niðurstaða ársins varð ekki endanlega ljós fyrr en í byrjun árs 2017 og skýrir það að hluta minni eignakaup en rekstraráætlun sagði til um. Skólameistari fór því varlega í efniskaup í lok ársins þar sem lengi vel var ekki ljóst hvort rekstrarafgangur yrði á árinu. Ljóst er að fyrir liggur að fara þarf í endurnýjun ýmissa búnaðar og verður það gert með markvissum og ábyrgum hætti á næstu árum. Skólinn hefur nú starfað í 20 ár í skólahúsnæðinu og komið er að endurnýjun t.d. stóla á vinnuherbergi kennara.


Alþingi samþykkti lög um opinber fjármál nr. 123/2015 þann 19. desember 2015 og tóku þau gildi um áramótin 2015 / 2016. Í 31. og 32. gr. laganna er kveðið á um stefnumótun ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára. Í bréfi sem mennta- og menningarmálaráðuneyti sendi ríkisaðilum þann 24. október var gerð grein fyrir töfum sem hafa orðið við vinnslu frumvarps til fjárlaga og öðrum verkþáttum fjárlagagerðar skv. lögum um opinber fjármál. Þann 6. desember var síðan kallað eftir A) stefnu ríkisaðila til þriggja ára sem byggir á stefnu stjórnvalda fyrir viðkomandi málefna svið og málaflokk og B) rekstraráætlun fyrir árið 2017 og áætlun fyrir árin 2018 og 2019. Ekki hefur enn reynt á að þessar áætlanir standist væntingar, launakostnaðurinn er alltaf sá þáttur sem erfiðast er að gera áætlanir um en vonandi skila þessi nýju lög nákvæmari og betri áætlunum.

02-360 Fjölbrautskólinn í Garðabæ

Rekstraráætlun 2017

Helstu liðir	Spá um 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2016	Mism. kr	Mism %
13 Aðrar rekstrartekjur	-22.454.046	-22.627.667	-17.733.369	4.720.677	-21,02%
11 Markaðar tekjur	0	0	0	0	
12 Sértekjur	-33.333.954	-33.333.975	-26.535.175	6.798.779	-20,40%
Tekjur alls	-55.788.000	-55.961.642	-44.268.544	11.519.456	-20,58%
01 Laun	710.032.202	743.127.867	672.762.819	-37.269.383	-5,25%
02 Ferðir og fundir	7.726.694	9.240.001	10.705.923	2.979.229	38,56%
03 Rekstrarvörur	15.477.604	16.441.934	16.513.374	1.035.770	6,69%
04 Aðkeypt þjónusta	24.779.390	24.322.769	25.755.202	975.812	3,94%
05 Húsnæði	65.796.022	66.769.902	67.548.668	1.752.646	2,66%
06 Bifreiðar og vélar	12.090	12.453	27.059	14.969	123,81%
07 Rekstrarkostnaður	6.121.156	6.304.791	10.220.359	4.099.203	66,97%
Rekstrarkostnaður	829.945.158	866.219.717	803.533.404	-26.411.754	-3,18%
Mismunur	774.157.158	810.258.075	759.264.860	-14.892.298	-1,84%
Tala til afstemmingar	774.157.158	810.258.075			
Til ráðstöfunar					
skv. fjárlögum	763.400.000	818.900.000			
frá fyrra ári	-4.587.259	5.183.358			
annað	20.527.775	16.000.000			
Fjárheimildir alls	779.340.516	840.083.358			

Rekstrarafkoma ársins	5.183.358	29.825.283
	Afgangur	Afgangur



Upplýsingar um framhaldsskóla

Skóli: Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Stærð skóla, fjöldi nem og starfsmanna

FG er skóli með um 850 nemendum og um 76 starfsmönnum í 5.685 fermetra húsnæði. Ársnemendur skv. fjárlagafrumvarpi 2016 eru 741.

Námsframboð

FG er áfangaskóli með sjö stúdentsbrautir og átta fyrirhugaðar styttri brautir. Í skólanum er jafnframt fjögurra ára starfsbraut fyrir fatlaða nemendur. Rúmlega 82% nemendafjöldans stunda nám í dagskóla, um 13,5% stunda fjarnám og í síðdegisnámi eru 4,5%.

Sérverkefni, þróunarstarf

Skólinn tekur þátt í brotthvarfsverkefni mrn.

Matsaðferðir og umbótaþættir skv. skýrslu

Skólinn hefur gert sjálfsmatsáætlun og skilar árlegri skýrslu. Sjálfsmatskýrsla er birt á heimasíðu skólans.

Úttektir

Skólinn var tekinn út af mrn á vorönn 2013. Niðurstöður ásamt viðbragðsáætlun eru birtar á heimasíðu skólans.

Kennslumat er framkvæmt í hverjum áfanga á hverri önn.

Skólinn tók út kennslu í ensku á vorönn 2012, í íþróttagreinum vorið 2013, stærðfræði vorið 2014, starfsbraut vorið 2015 og íslensku vorið 2016.

Afkoma, rekstrarstaða

Áramótastaða í lok árs 2016 er jákvæð um rúmar 5 milljónir.

Brottfall

Samkvæmt skráningu skólaráðs hættu 17 nemendur á vorönn 2016 og 10 á haustönn 2016.

Stjórnun

Auk skólameistara er aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri, fjármálastjóri, skrifstofustjóri, húsvörður og kennslustjórar.

Samvinna við aðra

Kennarar í FG semja próf og leggja fyrir nemendur í Garðaskóla sem stunda nám í framhaldsskólaáföngum.

Nemendur í Sjálandsskóla og á Álftanesi stunda nám í fjarnámi í FG.

Fundað er annað hvert ár með grunnskólakennurum í Garðabæ og á Álftanesi.

Stjórnendur skólans eru í talsverðu samstarfi við stjórnendur Garðabæjar.

Samstarf hefur verið við Flensborgarskóla, Tónlistarskóla Garðabæjar og Tónlistarskóla Hafnarfjarðar við mótun listnáms í tónlist.

Skólinn er þátttakandi í verkefni á vegum Ungt fólk í Evrópu.

Skólinn er í samstarfi við Porsgrunn Videregaaende skole í Porsgrunn í Noregi.

Skólinn er í samstarfi við Amsterdam Lyceum í Hollandi.

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans

FG er almennur framhaldsskóli með fjölbreytt námsframboð. Sérstök áhersla er á listnám og er þar boðið upp á þrjár leiðir. Leiklist, myndlist, textíl- og fatahönnun. Tónlistarnemendur hafa fengið nám sitt í tónlistarskólum metið inn sem sérstakt listasvið innan listnámsbrautar. FG sinnir fjölbreyttum hópi nemenda og er Garðabær helsta upptökusvæði skólans.

Mjög mikilvægt er að bæta aðstöðu fyrir listnám og starfsbrautarkennslu við skólann.